

Skólaráð Lækjarskóla



13. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 4. október 2011 kl. 8:15.

Fundarmenn gáfu kost á sér til áframhaldandi setu í skólaráði nema Þórarinn Böðvar Þórarinsson.

Nýir fulltrúar nemenda í nemendaráði eru Árni Geirsson og Dagbjört Sól Guðlaugsdóttir þau eru bæði nemendur í 10. bekk Lækjarskóla.

Lögð fyrir fundargerð 12. fundar skólaráðs og hún samþykkt.

Gengið til dagskrár samkvæmt fundarboði:

1. Farið yfir skipulag funda vetrarins

Fundartímar skólaráðs Lækjarskóla fyrir skólaárið 2011-2012 verða eftirfarandi: Miðvikudaginn 16. nóvember, fimmtudaginn 19. janúar, mánudaginn 27. febrúar, þriðjudaginn 27. mars, miðvikudaginn 25. apríl. Fundur verður einnig haldinn í maí ef þurfa þykir.

2. Kynning á kennsluáætlunum

Kennsluáætlanir eru nú tilbúnar fram að áramótum og fara á heimasíðu skólans.

Á hverju vori yfirfara kennarar þær kennsluáætlanir sem þeir kenndu eftir yfir veturinn og lagfæra ef þarf og vista undir árgangi. Að hausti gengur nýr kennari að kennsluáætlunum á sameign og lagfærir ef þarf áður en þær fara á heimasíðu skólans. Kennsluáætlanir eiga að vera tilbúnar í september. Allar einstaklingáætlanir eru unnar með tilliti til kennsluáætlana.

3. Kynning á námskrám

Lagfærðar námskrár Lækjarskóla voru kynntar, þær eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Kynntur var Skólavísir Lækjarskóla. Hann inniheldur almennar upplýsingar um skólann og er áætlað að kynna hann á haustfundum foreldra. Skólavísi verður hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

4. Önnur mál

- Skólablað.

Skólaárið 2011-2012 bauðst nemendum að velja sem valáfanga útgáfa skólablaðs en þar sem ekki náðist lámarksfjöldi var hann felldur niður.

- Frá nemendum.

Nemendur í 10. bekk koma til með að gefa út árbók þetta skólaár.

Nemendaráðið er fer á Landsmót Samfés á Siglufirði fljótlega. Fíestan og Gismó er á næstunni.

- Spurt var um breytingar við yfirfærslu heilsdagsskóla til ÍTH.

Fram kom að sömu starfsmenn eru áfram í Vitanum og hefur því orðið lítil breyting á starfsemi hans.

Í heilsdagsskólanum hefur orðið mikil breyting á starfsmannahaldi þar sem allir starfsmenn hættu nema tveir, annar þeirra hættir á næstunni. Heilsdagsskólinn hefur fengið meira rými innan skólans, nú borða börnin síðdegishressingu í matsal Lækjarskóla og nýta íþróttahús skólans þrisvar í viku.

- Þar sem niðurskurður er á fjármagni til skólans kom fram hugmynd frá fulltrúa kennara um hvort foreldrafélagið geti komið að einhvers konar söfnun til tækjakaupa í skólann þar sem skortur er t.d. á skjávörpum. Málið fékk jákvæða umræðu.

Nemendur gengu af fundi 8:55

Fundi slitið kl. 9:25.

Fundinn sátu:

Arna B. Arnardóttir, skólastjóri

Nanna Pétursdóttir, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Elma Karen Sigbórsdóttir, gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Hafrún Dóra Júlíusdóttir fulltrúi grenndarsamfélags

Hrönn Arnasdóttir, fulltrúi kennara

Þórarinn B. Þórarinsson, fulltrúi kennara

Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna

Dagbjört Sól Guðlaugsdóttir, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemanda

Árni Geirsson, nemendaráði, fulltrúi nemanda

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir